

# Fountain-house-klúbburinn

## Síðari hluti

Í framhaldi af síðasta þætti verður hér skýrt frá Fountain-house-klúbbnum í New York, sem er einna elstur slíkra klúbba. Starfsemin hófst árið 1948 að frumkvæði einstaklinga með gedræn vandamál og nokkurra velunnara þeirra. Fyrstu árin var Fountain-house fyrst og fremst staður þar sem fólk sem býr við svipaða aðstöðu hittist og tók þátt í ýmiss konar tómsundaiðju. Með árunum varð starfsemin umfangsmeiri og markvissari. Nú er klúbburinn opinn alla daga vikunnar, fjöldi félaga er rúmlega 2.000 þar af eru 1.200 virkir. Starfsemin er í höndum félaga í samvinnu við starfsmenn (60). Hún er fjármögnuð með framlögum frá ríki og sveitarfélögum (60%), áheitu, styrkjum og tekjum frá eigin rekstri. Starfsemi klúbbsins skiptist niður í 4 aðalþætti sem eru: Undirbúningur fyrir hin daglegu störf, vinnuþáttur, húsnæðisþáttur, kvöld- og helgarþáttur.

1. Undirbúningur fyrir hin daglegu störf.

Flestir klúbbmeðlimir koma skv. tilvísun frá geðsjúkrahúsi eða öðrum aðilum. Umsækjandi kemur fyrst í kynnisferð, þar sem hann skoðar húsakynni, fyllir út umsóknareyðublað og tala við starfsfólk. Á næstu tveimur vikum ákveður hann í samvinnu við tengil (einn af starfsmönnum) við hvað hann vill vinna. Hann getur valið um starf á eftirtöldum stöðum:

a) Eldhús — borðstofa, þar sem framreiddur er hádegis- og kvöldverður.



- b) Kaffibar.  
c) Skrifstofa, þar er skiptiborð klúbbsins, dagleg blaðaútgáfa, útgáfa tímarits, sem kemur út einu sinni í mánuði, auk daglegrar skráningu meðlima.  
d) Gestamóttaka, þar sem um er að ræða vinnu í fatahengi, móttöku nýrra félaga, kynningu á starfsemi klúbbsins, dreifingu á pósti, einnig sjá þeir sem þar vinna um að heimsækja klúbbfélaga sem dvelja heima eða á sjúkrahúsum.

### 2. Vinnuþáttur

Eftir þjálfun innan sjálfs klúbbsins eiga meðlimir möguleika á vinnu á almennum vinnu- markaði. Fountain-house hefur gert sérstakan samning við vinnuveitendur um að leysa af hendi ákveðin einföld verkefni og skiptir ekki máli hvaða einstaklingur vinnur þau. Forfallist sá, sem ætlað er að vinna verkið, hleypur einhver annar í skardið (félagi eða starfsfólk). Störf þessi eru einungis hugsuð sem vinnuþjálfun og vinnur því hver og einn aðeins tímabundið við þau.

### 3. Húsnæðisþáttur

Fountain-house hefur gert leigusamning við húseigendur og

framleigir síðan húsnæðið til félaga. Minnst tveir einstaklingar cru í hverri íbúð og geta þeir búið þar eins lengi og þeir vilja, þeir eiga kost á því að taka yfir leigusamninginn.

### 4. Kvöld- og helgarþáttur

Aðaláhersla er lögð á tómsundaiðju og samveru. Í klúbbnum er aðstoða til að lesa blöð, spila á spil, tefla, hlusta á útvarp, horfa á sjónvarp, fá bækur að láni á bókasafni, fá sér kaffi. Að auki er boðið upp á þátttöku í ýmiss konar námskeiðum, saumaklúbb, kór, ljósmyndun, ensku, stærðfræði, umræðuhópum ásamt fleiru.

Auk ofangreinds rekur Fountain-house tvær verslanir í húsinu.

Á síðustu árum hafa farið fram reglulegar rannsóknir á starfseminni. Niðurstöður þeirra sýna ekki fram á að þátttaka í Fountain-house-klúbbnum komi í veg fyrir innlagn á geðsjúkrahús, aftur á móti sýna þær fram á lengri tímabil milli innlagna og skemmri innlagnir.

Við Fountain-house-klúbbinn í New York fer fram kennsla og þjálfun starfsfólks sem vinnur við slíka klúbba, hann er jafnframt fyrirmynd margra slíkra klúbba í Bandaríkjunum og Evrópu, má hér nefna Fountain-house í Stokkhólmi og 31B í Osló.

Hugmyndir um klúbbstarfsemi hafa náð til Íslands og þegar eru hafnar umræður innan Gedhjálpar um stofnun slíks klúbbs. Ekki er enn ákveðið hvers eðlis starfsemin verður. Líklegt er þó að félagsstarfsemi verði þar í fyrirrúmi.

SS. — UVI